Stjórnlaus bíll rann út í sjó á Hofsósi

Samstarfsmenn eiganda bílsins söfnuðu peningum fyrir nýjum bíl

Hofsósi.

SÁ atburður gerðist hér á Hofsósi nú fyrir skömmu á bílastæði Fiskiðjunnar á Hofsósi að bifreið eins starfsmanns Fiskiðjunnar fór stjórnlaus af stað, en bílastæðið hallar dálítið, og er skemmst frá því að segja að ferð bílsins endaði út í sjó og mun vera um 5 metra dýpi þarna við klappirnar sem hann fór fram af.

Var þetta Skóda bíll nokkuð gamall og ekki kaskótryggður og því tilfinnanlegt tjón fyrir eigandann, Ásdísi Sveinbjörnsdóttur, sem býr í nágrenni Hofsóss og keyrir á vinnustað um 3 km leið.

Ásdís sagði fréttaritara að hún vissi ekki hvað hefði gerst en hún taldi sig hafa gengið frá bílnum eins og hún var vön. Hún var ný stiginn út úr bílnum er hann lagði af stað en ferðin var strax svo mikil á honum að engin tök voru á því að stöðva hann og mátti því Ásdís horfa á eftir sínum gamla góða Skóda sigla hraðbyri niður sjávarklappir og út í sjó.

En svo gerist það góða í framhaldi af þessari sögu að starfsfélagar Ásdísar í Fiskiðjunni söfnuðu á þriðja hundruð þúsund króna daginn eftir að óhappið gerðist og sendu mann til Akureyrar sem keypti þar svo til nýjan Skoda og var Ásdísi færður bíllinn með viðhöfn daginn eftir.

Ásdís sagðist engan veginn geta þakkað starfsfélögum sínum þessa höfðinglegu gjöf en til að sýna einhvern þakklætisvott kom hún næsta dag með fjöldann allan af tertum með kaffinu handa starfsfólkinu.

- Einar.





Morgunblaðið/Magnús Magnússon

Guðmar Pétursson og Sylvía Sigurbjörnsdóttir fara með aðalhlutverkin í „Hestum og huldufólki“, íslenska hluta „Ævintýra á norðurslóðum“.

Ævintýri á norðurslóðum:

Ný barnamynd frumsýnd

„ÆVINTÝRI á norðuslóðum“ heitir ný kvikmynd fyrir börn á öllum aldri sem frumsýnd verður í Háskólabíói í dag, laugardag. Efni myndarinnar er þrjár nútíma barnasögur frá þremur löndum, Hannis, saga frá Færeyjum, Móðir hafsins, gerist á Grænlandi, og Hestar og huidufólk sem gerist á Íslandi. Kostnaður við gerð myndarinnar er á bilinu 50 til 60 milljónir króna.

Að sögn Sigurðar Grímssonar, kvikmyndagerðarmanns hjá Þumli, er myndin tekin upp á Grænlandi, í Færeyjum og á Íslandi. Sögurnar eru aðskildar og hefur Jens Brönden skrifað handrit grænlensku sögunnar, Katrín Ottarsdóttir þeirrar færeysku og Guðný Halldórsdóttir skrifaði íslenska handritið. „Þetta er samvinnuverkefni, þar sem hvert land leggur til handrit, leikstjóra og leikara en að öðru leyti er framleiðslan á vegum Þumals og Magmafilm og Umba,“ sagði Sigurður. „Við fengum styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands í fyrra til að gera myndina og síðan frekari styrk frá Norræna kvikmyndasjóðnum til að hrinda þessu í framkvæmd. Og að auki höfum við notið stuðnings frá Grænlandi og Færeyjum.“


Það eru börn sem fara með aðalhlutverkin í myndunum ásamt atvinnuleikurum. Í íslensku myndinni eru það Guðmar Pétursson og Sylvía Sigurbjörnsdóttir ásamt Bessa Bjarnasyni, Ladda, Arnari Jónssyni og Eddu Heiðrúnu Backman, sem fara með helstu hlutverk.

„Ævintýri á norðurslóðum“ er ætluð til sýningar í sjónvarpi fyrst og fremst og hefur þegar verið gengið gengið frá sýningu hennar í Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Auk þess verður myndin kynnt á kaupstefnum kvikmynda- og sjónvarpsefnis, meðal annars í Cannes en hún nýtur einnig stuðnings Eureka, sem tekur að sér að kynna myndina.

Frumsýning myndarinnar í Færeyjum verður 11. apríl. Óvíst er hvernig og hvenær myndin verður frumsýnd á Grænlandi en þar er ekkert kvikmyndahús, að sögn Sigurðar. Hins vegar koma Grænlendingar til Íslands og verða viðstaddir frumsýninguna hér.

Rúrí opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

LISTAMAÐURINN Rúrí mun opna 16. einkasýningu sína í Austursal Kjarvalsstaða laugardaginn 4. apríl kl. 16, og er nafn sýningarinnar Afstæði. Sýningin verður opin daglega kl. 10–18 og verður húsið opið alla hátíðardagana. Sýningunni lýkur annan í páskum 20. apríl. Flest verkanna á sýningunni eru unnin í blý og timbur og hafa ekki verið sýnd opinberlega áður. Ennfremur sýnir Rúrí þrjár grafík-möppur.



Rúrí


Rúrí er nýkomin frá Montreal í Kanada en þar voru sýnd eftir hana tvö kvikmyndaverk í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um listir og menningu. Þá er nýlokið sýningu í norrænu menningarmiðstöðinni í Helsinki á verkum hennar og tveggja annarra norrænna listamanna sem hún hefur starfað mikið með undanfarin 10 ár, Hannu Siren og William Louis Sörensen. Að sýningunni Afstæði lokinni mun Rúri taka þátt í alþjóðlegri sýningu á útilistaverkum á listasetrinu Wanas í Svíþjóð ásamt 10 öðrum listamönnum frá Evrópu og Bandaríkjunum. Í vor áætlar Rúrí einnig að sýna í Slunkaríki á Ísafirði og í haust er henni boðið ásamt nokkrum öðrum alþjóðlegum listamönnum að gera verk fyrir útlistaverkasýningu í Montreal í tilefni 350 ára afmælis borgarinnar.

Lauk doktorsprófi í plöntuerfðafræði

NÝVERIÐ lauk Kesara Anamthawat-Jónsson doktorsprófi í plöntuerfðafræði frá Cambridge-háskóla í Bretlandi.

Ritgerðin nefnist „Molecular cytogenetics and nuclear organization in the Triticeae“ og fjallar um sameinda- og frumuerfðafræði plantna og uppbyggingu frumukjarna. Kesara hefur þróað aðferð til að nota DNA og litninga við að sundurgreina náskyldar tegundir og komast að raun um litningaflutning við kynbætur. Aðferð þessi nefnist „Method of indentifying DNA sequences in chromosomes of plants“ og er nú til meðferðar hjá evrópskum og bandarískum einkaleyfisskrifstofum.

Kesara var fædd í Thailandi og foreldrar hennar eru Boonsong Anamthawat tæknifræðingur og Chaleo Anamthawat. Eiginmaður er Friðrik Ragnar Jónsson flugmaður og starfar hjá Flugleiðum. Kesara lauk BS-prófi í grasafræði við Chulalonkorn-háskóla í Bangkok og MS-prófi við Kansas-háskóla í Bandaríkjunum. Hún starfaði sem aðstoðarprófessor í grasafræði við Cambridge-háskóla til 1982 er hún fluttist til Íslands. Kesara hefur unnið við Rannsóknastofnun landbúnaðarins við margvísleg verkefni sem lúta að frumulífeðlisfræði. Meðal þeirra má nefna verkefni sem Vísindasjóður styrkti um erfðaflæði fjalldrapa og birkis og rannsóknir á litningabrengli í sauðfé. Hún vinnur nú að því að þróa áfram hagnýtingu á líftækniaðferðum við margvíslegar rannsóknir á nytjaplöntum í landbúnaði, landgræðslu og skógrækt.



Dr. Kesara Anamthawat-Jónsson.

Kammerkór Gautaborgar syngur í Norræna húsinu

KAMMERKÓR Gautaborgar kemur til Íslands á ferð sinni um Norðurlönd og heldur tvenna tónleika í Norræna húsinu sunnudagskvöldið 5. apríl kl. 20.30 og mánudagskvöldið 6. apríl kl. 20.30. Kórinn syngur einnig á Akranesi þriðjudaginn 7. apríl kl. 20.30.

Frá Íslandi heldur kórinn til Færeyja og þaðan til Danmerkur. Kammerkór Gautaborgar var stofnaður fyrir tæplega 30 árum af Gunnar Eriksson og hefur hann stjórnað kórnum síðan. Margir félagar hafa sungið með kórnum frá upphafi og er hann álitinn meðal bestu kóra Svía. Gunnar Eriksson hefur unnið sér sess sem einn helsti kjórstjóri Svíþjóðar og þótt víðar væri leitað fyrir kórstjórn og raddsetningar. Kórinn hefur farið víða og haldið tónleika og hvarvetna vakið athygli fyrir skemmtilegan söng, túlkun og nýstárlega uppröðun.



Kammerkór Gautaborgar.

Á efnisskrá tónleikanna í Norræna húsinu eru verk eftir norræn tónskáld auk annarra frá öðrum löndum, en annars vilja kórfélagar „„spila eftir eyranu“ eða syngja þá tónlist sem þeim finnst við hæfi hverju sinni, það fer eftir áheyrendum og stemmningunni í salnum.

Ljóðadagskrá í Perlunni

FÉLAGSSKAPURINN Reykvísk menning stendur fyrir ljóðasamkomu milli pálmatrjánna í Vetrargarði Perlunnar nk. mánudagskvöld, 6. apríl kl. 20.30.

Átta skáld munu flytja þrjú af ljóðum sínum sérstaklega valin: Eitt ástarljóð, eitt trúarljóð og eitt harmljóð. Á dagskránni eru áður útgefin ljóð auk þess sem nokkur ljóð verða frumflutt.

Skáldin eru: Guðbergur Bergsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Nína Björk Árnadóttir, Sigfús Daðason, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, Vigdís Grímsdóttir og Þórarinn Eldjárn, en Ragnar Halldórsson mun flytja þrjú af ljóðum Matthíasar Johannessens auk þess að vera kynnir. Í dagskrárlok mun Sigfús Halldórsson leika þrjú ný sönglög úr eigin smiðju. Friðbjörn G. Jónsson og Elín Sigurvinsdóttir syngja. Samkoman er öllum opin.